



Sjávarútvegsnefnd Alþingis

23. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á
ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar
(viðurlagaákvæði), - þskj. 235 – 232. mál.

Landssamband smábátæigenda (LS) mælir með að frumvarpið verði samþykkt.

Breytingar á lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru flestar í anda þess sem LS hefur gagnrýnt. Má þar nefna sviptingu veiðileyfis við fyrsta brot. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að gefa skriflega áminningu hafi viðkomandi ekki gerst brotlegur áður. Þá hefur LS margsinnis gagnrýnt sektarlágmörk sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði aflögð.

Í frumvarpinu er greinilega verið að samræma viðurlagaákvæði er varða lög á sviði fiskveiðistjórnunar. Aðkoma þess að reglum um vigtun sjávarafla er þar skýrt dæmi, þar sem nú verður heimilt að veita áminningu við minniháttarbrota hafi viðkomandi ekki gerst brotlegur áður. Það er, áminning tekin upp við brot í landi sem og á sjó.

Í frumvarpinu er í 4. gr. fjallað um uppboðsmarkaði og fiskvinnslustöðvar. Þar er gert ráð fyrir að lög geri ekki lengur greinarmun á þessum tveimur starfsstöðvum varðandi brot á reglum um vigtun. Þessu ber að fagna enda uppboðsmarkaðir löngu búnir að sanna sig sem nauðsynlegur þáttur í fiskveiðistjórnuninni.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þær vinnureglur sem viðhafðar hafa verið hjá Fiskistofu, t.d. varðandi viðurlög við skil á afladagbókum, fái lagastoð.

LS gerir athugasemd við að í skýringum með frumvarpinu sé ekki að finna úttekt á fjölda veiðileyfissviptinga og afturköllun á leyfi til vigtunar sem framkvæmd hafa verið á undangengnum árum, auk fjölda þeirra tilvika og eðli brota þar sem lágmarkssekt hefur verið beitt. Þannig væri hægt að glöggva sig enn betur á áhrifum frumvarpsins verði það samþykkt. Vegna þessa eru umsagnir hér að framan að vissu leyti byggðar á tilfinningu en ekki tölfræðilegum staðreyndum.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri